



FYRIRSPURN

Viðtakandi: Innkaupa- og framkvæmdaráð

Sendandi: Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokks lögð fram á fundi nr. 83 í innkaupa- og framkvæmdaráði 8. september 2022:

Gatnaframkvæmdir hafa verið tíðar við Snorrabraut undanfarin ár. Óskað er eftir sundurlíðuðu yfirliti vegna verklegra framkvæmda á vegum Reykjavíkurborgar við brautina undanfarin tíu ár. Þar verði gerð grein fyrir öllum framkvæmdum á umræddu tímabili, tilgangi þeirra, verktíma, kostnaði og hvort viðkomandi verk hafi verið boðið út.

Svar við fyrirspurn:

Við Snorrabraut hefur verið farið í endurnýjun á umferðarljósum og gatnamótum á síðustu 10 árum til að bæta umferðaröryggi og aðgengi m.a. gangandi vegfarenda, strætó og neyðarbíla. Þessar framkvæmdir hafa bæði verið á vegum Reykjavíkurborgar ásamt samstarfsverkefna með Vegagerðinni, Veitum og NLSH. Auk þess hefur verið unnið að endurnýjun slitlags á Snorrabraut.

Eftirfarandi verklegar framkvæmdir hafa verið boðnar út af Reykjavíkurborg sem tengjast Snorrabraut á árunum 2010-2023:

- 15112 - Snorrabraut - Borgartún - áfangi 2, gatnagerð og lagnir.
 - Verkið fól í sér gerð upphækkaðra ljósastýrðra gatnamóta Borgartúns og Snorrabrautar, gerð tengingar Bríetartúns við Snorrabraut og tengingu Bríetartúns að Borgartúni ásamt breytingum á tengingu Hverfisgötu 113 við Snorrabraut.
- 15144 - Endurnýjun umferðaljósa við Katrínartún og Snorrabraut
- 14421 - Endurnýjun á umferðaljósum við Eiríksgötu
- 13306 - Endurnýjun á ljósastólpum við Snorrabraut
- 13018 - Gönguleiðir skólabarna 2013
 - Við gatnamót Bergþórugötu og Flókagötu var þrengd akrein í norður og suður og við Grettisgötu voru settir umferðakoddar og umferðarljós endurnýjuð.

Malbiksyfirlagnir hafa verið framkvæmdar árlega og eru framkvæmdirnar boðnar út 1-2 ár í senn. Snorrabraut hefur verið hluti af útboðum gatna í vesturhluta Reykjavíkur.



Hér að neðan er listi yfir útboðin sem höfðu þann tilgang að yfirleggja malbik á eldri slitlög gatna eða yfirlagnir á áður fræstar götur:

- 13024 Malbiksyfirlagnir í Reykjavík 2013 - Útboð
- 13221 Malbiksyfirlagnir í Reykjavík 2014 - Útboð
- 13471 Malbiksyfirlagnir í Reykjavík 2015 - Útboð
- 13692 Malbiksyfirlagnir í Reykjavík 2016 - Útboð
- 13865 Malbiksyfirlagnir í Reykjavík 2017 - Útboð
- 14159 Malbiksyfirlagnir í Reykjavík 2018 - Útboð
- 14473 Malbiksyfirlagnir í Reykjavík 2019 - Útboð
- 15146 Malbiksyfirlagnir í Reykjavík 2021 - Útboð
- 15476 Malbiksyfirlagnir í Reykjavík 2022 - Útboð
- 15800 Malbiksyfirlagnir í Reykjavík 2023 - Útboð

Staðan á slitlögum við Snorrabraut er eftirfarandi:

Kafli	Akrein	Ár	Athugasemdir
Sæbraut - Laugavegur	1 og 3	2019	Hellur í gatnamótunum við Borgartún
Laugavegur - Grettisgata	1 og 3	2015	
Grettisgata - Flókagata	1	2018	
Flókagata - Egilsgata	1	2014	
Egilsgata - Eiríksgata	1	2019	
Eiríksgata - Gamla Hringbraut	1	2016	Akrein 3 er síðan 2011
Sæbraut - Borgartún	2 og 4	2020	
Gatnamótin við Borgartún	2 og 4		
Borgartún - Karlagata	2 og 4	2015	Endurnýjun slitlags á áætlun í ár 2023
Karlagata - Egilsgata	2 og 4	2018	
Egilsgata - Gamla Hringbraut	2 og 4	2015	Endurnýjun slitlags á áætlun í ár 2023
Grettisgata - Vífilsgata	3	2018	
Vífilsgata - Egilsgata	3	2014	
Egilsgata - Gamla Hringbraut	3	2011	
Hverfisgata - Laugavegur	4	2019	Þar áður 2015
Egilsgata - Gamla Hringbraut	4	2021	Þar áður 2015

*Akreinar 1 og 3 eru akreinar til suðurs, þ.e. frá Sæbraut að Gömlu Hringbraut. Akrein 1 er nær miðju.

*Akreinar 2 og 4 eru akreinar til norðurs, þ.e. frá Gömlu Hringbraut að Sæbraut. Akrein 2 er nær miðju.



Reykjavíkurborg

Upplýsingarnar sem koma hér fram er það sem liggur fyrir á þessum tímapunkti, en aðrar upplýsingar svo sem verktími og kostnaður krefjast töluvert meiri vinnu að ná fram þar sem framkvæmdirnar við Snorrabraut eru samofnar öðrum framkvæmdum og flókið er að slíta það út.

Sé vilji að setja vinnu í það að slíta út verktíma og kostnað vegna Snorrabrautar krefst það vinnu sem hleypur á vikum jafnvel mánuðum, vegna annarra anna á skrifstofunni, sem leiðir af sér enn lengri afgreiðslutíma

Guðni Guðmundsson

*Guðni Guðmundsson, verkefnastjóri
Skrifstofu framkvæmda og viðhalds*